

Fimmtudaginn 23. janúar 1997.

Nr. 111/1996.

Vilberg Rafn Vilbergsson

(Svala Thorlacius hrl.)

gegn

Guðmundi Sveinbjörnssyni

(Pórunn Guðmundsdóttir hrl.)

og gagnsök

Skaðabætur. Missir framfæranda. Gjafsókn. Dráttarvextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramennir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. mars 1996. Hann krefst þess aðallega, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 2.847.944 krónur með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 3. september 1988 til 25. júní 1992, en dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 29. nóvember 1995 og 6. febrúar 1996 var aðaláfrýjanda veitt gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 29. apríl 1996. Gagnáfrýjandi krefst þess, að kröfur aðaláfrýjanda verði lækkaðar og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gagnáfrýjanda var með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 3. júní 1996 veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt var lagður útreikningur, sem Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur gerði 13. janúar 1997. Við útreikninginn eru fram að útreikningsdegi notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands, en miðað við 4,5% vexti og vaxtavexti frá útreikningsdegi. Reiknað er með barnalífeyri, að fjárhæð 11.010 krónur á mánuði. Niðurstaða tryggingafræðingsins er sú, að höfuðstólsverðmæti barnalífeyris til handa aðaláfrýjanda frá september 1988, þar til hann nær átján ára aldri, sé 977.900 krónur miðað við 3. september 1988.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, svipti gagnáfrýjandi móður aðaláfrýjanda lífi 3. september 1988 og var með dómi Hæstaréttar 30. janúar 1990 dæmdur til 14 ára fangelsisvistar vegna manndráps. Gagnáfrýjandi var látinn laus til reynslu í júlí 1995 og er nú í launuðu starfi. Hann viðurkennir skaðabótaábyrgð vegna verknaðarins.

II.

Í héraðsdómi virðist fjárhæð bóta fyrir röskun á stöðu og högum að nokkru miðuð við, að aðaláfrýjandi hafi átt við félagslega erfiðleika og hegðunarvandamál að stríða sökum áfalls, sem hann varð fyrir vegna andláts móður sinnar. Krafa um bætur fyrir tjón af þessum toga verður ekki reist á þágildandi 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Aðaláfrýjandi hefur ekki sett fram sérstaka kröfu um bætur fyrir líkamstjón á þeim grundvelli, að hann hafi orðið fyrir geðrænu áfalli eða annars konar heilsutjóni við eða eftir lát móður sinnar, og ekki liggja fyrir haldbær gögn, sem sýni ótvírætt, að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni við móðurmissinn. Aðaláfrýjanda verða því ekki dæmdar bætur fyrir fjártjón eða miska vegna heilsutjóns.

III.

Krafa aðaláfrýjanda um bætur vegna missis fyrirvinnu nemur 977.900 krónum og krafa um bætur fyrir röskun á stöðu og högum 1.733.800 krónum. Fyrirnefnda krafan er studd við greindan útreikning tryggingafræðings, er reiknar bætur vegna missis móður aðaláfrýjanda sem lífeyri jafnháan barnalífeyri almannatrygginga til 18 ára aldurs aðaláfrýjanda. Niðurstaða tryggingafræðilegs útreiknings 25. nóvember 1993, sem stuðst var við í héraðsdómi, var hins vegar 905.800 krónur, en í honum er vaxtagrundvöllur 6% og fjárhæð mánaðarlegs barnalífeyris 10.300 krónur. Í upphafi reisti aðaláfrýjandi kröfur á útreikningi sama tryggingafræðings 28. ágúst 1991, og voru þá vaxtaforsendur hinar sömu, en reiknað með, að barnalífeyrir væri 7.425 krónur á mánuði. Niðurstaða þessa síðastnefnda útreiknings var 669.200 krónur.

Fallist er á með héraðsdómi, að ekki sé sannað, að aðaláfrýjandi hafi, áður en gagnáfrýjandi framdi afbrotið, verið að einhverju leyti á framfæri móðurforeldra sinna. Hins vegar er því ekki andmælt, að

þau hafi veitt móður aðaláfrýjanda endurgjaldslaus afnot af hús-næði því, sem hún og aðaláfrýjandi bjuggu í, þegar hún féll frá. For-eldrar aðaláfrýjanda voru ekki í hjúskap og bjuggu ekki saman. Leggja verður til grundvallar, að hin látna hafi framfært aðaláfrýj-anda, og hún fór ein með forsjá hans. Eftir andlát hennar var forsjá-in falin móðurforeldrum aðaláfrýjanda, og hefur hann verið hjá þeim síðan.

Hin látna var læknaritari á Landspítalanum. Skattframtöl eða aðrar upplýsingar um tekjur hennar liggja ekki fyrir. Í málinu nýtur því ekki víðhlítandi gagna um, hver fjárhagsleg geta hennar var til að framfæra aðaláfrýjanda.

Aðaláfrýjandi fékk dánarbætur, samtals að fjárhæð 966.400 krónur, samkvæmt ákvæðum um slysaftryggingu launþega í kjarasamningi, gerðum af fjármálaráðherra og Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Fjárhæð þessi var greidd í tvennu lagi, 753.000 krónur í desember 1988 og 213.400 krónur í maí 1990. Með vísun til meginreglu í 2. málslíð 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 um vaftryggingarsamninga, sem í gildi var, þegar móðir aðaláfrýjanda lést, verður eigi fallist á, að fé þetta skuli draga frá skaðabótakröfu aðaláfrýjanda. Hins vegar þykir við mat á fjárhæð bóta fyrir missi framfærandar rétt að líta til þessa slysaftryggingarfjár, sem rann til aðaláfrýjanda.

Fram er komið, að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins greiðir lífeyri vegna fráfalls móður aðaláfrýjanda. Ekki liggur fyrir, að gagnáfrýjandi hafi krafist þess fyrr en við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að skaðabætur yrðu lækkaðar vegna lífeyrisréttinda aðaláfrýjanda úr sjóðnum. Við ákvörðun skaðabótafjárhæðar verður ekki tekið tillit til þessara lífeyrisréttinda.

Bætur til aðaláfrýjanda vegna missis framfærandar og röskunar á stöðu og högum þykja eftir öllum atvikum hæfilega ákveðnar í einu lagi 1.050.000 krónur.

IV.

Gagnáfrýjanda er samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar skylt að greiða bætur fyrir sannaðan útfararkostnað eins og annað fjártjón, sem hlaut af verknaði hans.

Gagnáfrýjandi andmælir kröfu um greiðslu útfararkostnaðar vegna aðildarskorts með vísun til þess, að aðaláfrýjandi greiddi ekki þann

kostnað, heldur afi hans. Ekki hefur gagnáfrýjandi rökstutt, að það skipti máli um réttarstöðu hans, hvort aðaláfrýjandi eða afi hans sæki kröfu þessa. Í ljósi þess, að hinn síðarnefndi kemur fram sem fyrirsvarsmaður aðaláfrýjanda í málinu, þykir mega líta svo á, að hann hafi framselt aðaláfrýjanda þessa kröfu sína í hendur gagnáfrýjanda. Verður því hafnað kröfu gagnáfrýjanda um sýknu af þessari kröfu á grundvelli aðildarskorts.

Af hálfu aðaláfrýjanda var lýst yfir því, að ekki hefði verið haldið saman kvittunum fyrir útgjöldum, sem urðu vegna jarðarfarar hinnar látnu. Hins vegar hefur verið lögð fyrir Hæstarétt yfirlýsing Líf-kistuvinnustofu Eyvindar Árnasonar, dagsett 30. október 1995, þar sem staðfest er, að afi aðaláfrýjanda, Rafn Vigfússon, hafi greitt kostnað við útför móður aðaláfrýjanda, að fjárhæð 90.907 krónur. Önnur gögn liggja ekki fyrir um greiðslu útfararkostnaðar. Krafa um bætur vegna annarra útgjalda við jarðarförina er ekki studd fullnægjandi sönnunargögnum. Verður þessi kröfuliður tekinn til greina með 90.907 krónum.

V.

Samkvæmt framangreindu verður gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda 1.140.907 krónur með ársvöxtum, eins og nánar segir í dómsorði. Aðaláfrýjandi reisir samkvæmt framansögðu kröfu sína um bætur fyrir missi framfæranda á útreikningi tryggingafræðings frá 13. janúar 1997. Miðast útreikningurinn við fjárhæð barnalífeyris, eins og hann er nú. Af þeim sökum verður að taka til greina þá kröfu gagnáfrýjanda, að upphafstíma dráttarvaxta skuli miða við uppsögu dóms þessa.

Svo sem fyrr er getið, höfðu báðir málsaðilar gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti. Ákvörðun héraðsdóms um málskostnað, gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað er staðfest.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greint er í dómsorði.

Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður beggja aðila fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, eins og nánar getur í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, Guðmundur Sveinbjörnsson, greiði aðal-
 áfrýjanda, Vilberg Rafni Vilbergssyni, 1.140.907 krónur með
 ársvöxtum af þeirri fjárhæð sem hér segir: 11,7% frá 3. septem-
 ber 1988 til 1. október sama árs, 11,6% frá þeim degi til 11.
 október sama árs, 8,3% frá þeim degi til 21. október sama árs,
 6,1% frá þeim degi til 1. nóvember sama árs, 5,9% frá þeim
 degi til 11. nóvember sama árs, 5,8% frá þeim degi til 21.
 nóvember sama árs, 4,4% frá þeim degi til 1. desember sama
 árs, 3,2% frá þeim degi til 1. febrúar 1989, 6,8% frá þeim degi
 til 1. mars sama árs, 8,8% frá þeim degi til 1. apríl sama árs,
 12,6% frá þeim degi til 1. maí sama árs, 14,6% frá þeim degi til
 1. júní sama árs, 14,9% frá þeim degi til 1. júlí sama árs, 16,1%
 frá þeim degi til 21. júlí sama árs, 13,4% frá þeim degi til 1.
 ágúst sama árs, 11,1% frá þeim degi til 11. ágúst sama árs,
 10,7% frá þeim degi til 21. ágúst sama árs, 10,2% frá þeim degi
 til 1. september sama árs, 7,8% frá þeim degi til 11. september
 sama árs, 7,6% frá þeim degi til 21. september sama árs, 8,1%
 frá þeim degi til 1. nóvember sama árs, 9,6% frá þeim degi til
 1. desember sama árs, 11,2% frá þeim degi til 1. janúar 1990,
 10,5% frá þeim degi til 11. janúar sama árs, 9,2% frá þeim degi
 til 21. janúar sama árs, 8,3% frá þeim degi til 1. febrúar sama
 árs, 5,9% frá þeim degi til 1. mars sama árs, 4,1% frá þeim degi
 til 1. apríl sama árs, 3% frá þeim degi til 1. október sama árs,
 2,3% frá þeim degi til 1. desember sama árs, 2,6% frá þeim
 degi til 1. janúar 1991, 2,8% frá þeim degi til 1. febrúar sama
 árs, 4% frá þeim degi til 1. mars sama árs, 4,7% frá þeim degi
 til 1. júlí sama árs, 5,8% frá þeim degi til 1. september sama
 árs, 6,3% frá þeim degi til 1. október sama árs, 5,6% frá þeim
 degi til 11. október sama árs, 3,9% frá þeim degi til 1. nóvem-
 ber sama árs, 3,8% frá þeim degi til 11. nóvember sama árs,

3,7% frá þeim degi til 21. nóvember sama árs, 3,4% frá þeim degi til 1. desember sama árs, 2,8% frá þeim degi til 21. desember sama árs, 2,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,1% frá þeim degi til 11. febrúar sama árs, 1,8% frá þeim degi til 21. febrúar sama árs, 1,6% frá þeim degi til 1. mars sama árs, 1,5% frá þeim degi til 21. mars sama árs, 1,1% frá þeim degi til 1. maí sama árs, 1% frá þeim degi til 1. ágúst sama árs, 0,9% frá þeim degi til 1. janúar 1993, 1,3% frá þeim degi til 11. janúar sama árs, 1,2% frá þeim degi til 21. janúar sama árs, 1,1% frá þeim degi til 11. febrúar sama árs, 1% frá þeim degi til 21. mars sama árs, 0,9% frá þeim degi til 1. apríl sama árs, 0,8% frá þeim degi til 11. ágúst sama árs, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama árs, 0,8% frá þeim degi til 11. nóvember sama árs, 0,5% frá þeim degi til 11. maí 1995, 0,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1996, 0,9% frá þeim degi til 11. febrúar sama árs, 1% frá þeim degi til 21. febrúar sama árs, 0,9% frá þeim degi til 21. apríl sama árs, 0,8% frá þeim degi til 11. maí sama árs, 0,7% frá þeim degi til 1. október sama árs og 0,8% frá þeim degi til uppsögu þessa dóms. Frá þeim degi greiði gagnáfrýjandi dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað, svo og gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað skulu vera óröskuð.

Gagnáfrýjandi greiði 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður beggja aðila fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal þóknun lögmanna þeirra fyrir flutning málsins fyrir Hæstarétti, 120.000 krónur til hvors.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 1995.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 7. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Karenu Gestsdóttur, Dverghömrum 36 A, Reykjavík, og Rafni Vigfússyni, s. st., f. h. ófjárráða dóttursonar þeirra, Vilbergs Rafns Vilbergssonar, s. st., með stefnu, birtri 15. júní 1992, á hendur Guðmundi Sveinbjörnssyni, vistmanni í fangelsinu Litla-Hrauni, Eyrarbakkaheppi, Árnæssýslu, en með lögheimili að Rauðalæk 47, Reykjavík.

Undir rekstri málsins féll Karen Gestsdóttir frá aðild sinni að málinu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 2.847.944 kr. ásamt vöxtum skv. 7. gr. I. nr. 25/1987 frá 3. september 1988 til þingfestingardags 25. júní 1992, en með vöxtum skv. 10. gr., sbr. 15. gr. s. I. frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur er gerð krafa um málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ auk vaxta skv. III. kafla I. nr. 25/1987 og virðisauka-skatts, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 16. apríl 1991.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að kröfur stefnanda á hendur stefnda verði lækkaðar allverulega og málskostnaður dæmdur eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

II.*Gangur málsins.*

Kveðinn var upp dómur í máli þessu 17. desember 1993. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 9. nóvember 1995, var dómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju, þar sem láðst hafði að fjalla um málskostnaðarkröfur aðila.

III.*Málavextir.*

Málavextir eru þeir, að 3. september 1988 svipti stefndi, Guðmundur Sveinbjörnsson, Öldu Rafnsdóttur, móður stefnanda, Vilbergs Rafns Vilbergssonar, lífi og var með dómi Hæstaréttar Íslands 30. janúar 1990 dæmdur til fjórtán ára fangelsisvistar vegna verknaðarins. Stefnandi, Vilberg Rafn, var sjö ára gamall, þegar verknaðurinn var framinn.

IV.*Málsástæður stefnanda.*

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi hafi með verknaði sínum svipt stefnanda framfaranda. Af þeim sökum eigi stefnandi kröfu á bótum fyrir missi framfaranda, fyrir röskun á stöðu og högum og útfararkostnaði.

Stefnandi vísar í almennar reglur skaðabótaréttar og til 2. mgr. 264. gr. I.

nr. 19/1940 og til 4. mgr. 133. gr. I. nr. 34/1964. Um vexti vísar stefnandi til I. nr. 25/1987 og um virðisaukaskatt til I. nr. 50/1988.

Stefnukrafan sundurliðast þannig í stefnu:

1. Bætur fyrir missi framfæranda	kr.	669.200
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	–	2.000.000
3. Kostnaður vegna útfarar	–	178.744

Undir rekstri málsins féll stefnandi frá kröfum um greiðslu vegna erfis-drykkju, að fjárhæð 42.500 kr., hækkaði kröfu vegna bóta fyrir missi framfæranda, dags. 25. 11. 1993, og lækkaði bótakröfu fyrir röskun á stöðu og högum. Samanlögð kröfufjárhæð er óbreytt. Sundurliðast dómkröfur því þannig:

1. Bætur fyrir missi framfæranda	kr.	905.800
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	–	1.805.900
3. Kostnaður vegna útfarar	–	136.244
Samtals		kr. 2.847.944

Hinn 28. ágúst 1991 hafi Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur reiknað út höfuðstólsverðmæti barnalífeyris til handa stefnanda, Vilbergi Rafni, frá september 1988 til dánardægurs móður hans, og hafi það talist vera 669.200 kr. Nýr útreikningur var gerður 25. nóvember 1993, og nemur höfuðstólsverðmæti barnalífeyris samkvæmt honum 905.800 krónum, sem er grundvöllur endanlegrar kröfu stefnanda vegna bóta fyrir missi framfæranda.

Annar lið kröfunnar styður stefnandi því, að óumdeilanlegt sé, að gífurleg röskun verði á stöðu og högum sjö ára barns við fráfalið móður þess. Þótt drengnum sé búið gott heimili hjá móðurforeldrum sínum, sé ljóst, að móðurmíssir verði seint bættur. Þyki stefnukrafa samkvæmt þessum lið því varlega metin.

Ekki liggi fyrir kvittanir vegna útgjalda samkvæmt þriðja lið kröfunnar, og sé því lagður til grundvallar lágmarkskostnaður, m. a. skv. upplýsingum Kirkjugarða Reykjavíkur, en hann sundurliðist svo:

1. Útför	kr.	80.000
2. Auglýsingakostnaður	–	6.244
3. Erfisdrykkja	–	42.500
4. Legsteinn	–	50.000
Samtals		kr. 178.744

Kröfur samkvæmt lið 3 séu reistar á 4. mgr. 133. gr. l. nr. 34/1964 um loftför, þar sem segi, að sá, sem kostað hafi útför, geti kafið kostnaðinn af henni bættan, að svo miklu leyti sem hann fari eigi fram úr því, sem hæfilegt megi teljast.

Stefnandi hafi fengið greiddar 966.400 kr. auk vaxta í dánarslysabætur skv. 2. og 4. tl. 7. gr. kjarasamnings fjármálaráðherra og BSRB. Bæturnar hafi verið greiddar í tvennu lagi, 753.000 kr. 20. 12. 1988 og 213.400 kr. 29. 5. 1990. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að bætur þessar komi til frádráttar dæmdum bóttum, þar sem um sé að ræða greiðslur samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna.

Málsástæður stefnda.

Stefndi krafðist fyrst frávísunar málsins, en féll frá þeirri kröfu sinni undir rekstri þess. Rétt er þó að rekja hér frávísunarmálsástæður stefnda, þar sem hann vísar jafnframt til þeirra um lækun bóta.

Um bætur fyrir missi framfæranda, sem tryggingastærðfræðingurinn kveður studda gildandi venju, kveður stefndi enga tilraun gerða til þess í stefnu eða grg. á dskj. nr. 2 að rökstyðja kröfuna eða sýna fram á gildandi venju. Forsendur þess, að dæmdar verði bætur fyrir missi framfæranda, séu, að hin látna hafi verið raunverulegur framfærandi tjónþola, sbr. 2. mgr. 264. gr. l. nr. 19/1940, sbr. einnig til hliðsjónar Hrd. 1954, 218 (231). Í gögnum málsins komi ekkert fram, hvað móðir stefnanda hafi gert eða hvernig högum hennar hafi verið háttað, svo að gera megi sér grein fyrir því, hvernar framfærslu stefnandi hafi mátt ætla, að hann nyti frá henni til frambúðar. Í gögnum málsins komi þó fram, að stefnandi hafi verið hjá móðurforeldrum sínum, þegar móðir hans lést, og sé þar áfram. Ekkert komi heldur fram í gögnum málsins, hvernar framfærslu stefnandi njóti frá föður sínum.

Um bætur fyrir röskun á stöðu og högum kveður stefndi kröfu þessa lítt sem ekkert rökstudda. Engin tilraun sé gerð til að upplýsa, hvaða breyting hafi orðið á högum stefnanda, en fyrir liggi, að hann sé enn sem áður hjá móðurforeldrum sínum.

Um útfararkostnað eru engin skrifleg gögn, svo sem kvittanir fyrir þeim kostnaði. Tæpast geti Kirkjugarðar Reykjavíkur gefið miklar upplýsingar um verð á legsteini eða auglýsingum.

Stefndi reisir kröfur sínar að öðru leyti á eftirfarandi:

Krafa stefnanda um bætur fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum sé rökstudd með vísan til 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þetta sé heimildarákvæði. Orðalag greinarinnar sé þannig, að taka eigi tillit til aðstæðna tjónþola, en einnig til aðstæðna tjónvalds. Stefndi, sem hafi verið tæplega 25 ára, þegar greinargerð hans var lögð

fram í september 1992, afpláni nú 14 ára fangelsisdóm. Hann muni eyða nokkrum af bestu árum ævi sinnar sem ófrjáls maður. Fjárhagsástandur hans séu bágar. Hann sé tekjulítill og eigi enga möguleika á að standa undir bótagreiðslum. Jafnframt sé bent á, að stefna í máli þessu komi seint fram, næstum því tveimur og hálfu ári eftir, að hæstaréttardómur hafi gengið í máli ákærvaldsins á hendur stefnda og næstum fjórum árum eftir dauða Öldu Rafnsdóttur. Megi í því sambandi benda á, að hægt hefði verið að koma bótakröfu að í refsímalínu.

Um útfararkostnað sé bent á, að eðlilegt hafi verið talið, að tjónvaldur greiði kostnað við hæfilega útför, sbr. t. d. orðalag 4. mgr. 133. gr. loftferðalaga nr. 34/1964, þar sem tiltekið sé, að hægt sé að krefja tjónvald um útfararkostnað, „...að svo miklu leyti, sem hann fer eigi fram úr því, sem hæfilegt má teljast“. Sama komi fram í Erstatningsretten, bls. 447, eftir A. Vinding Kruse, útg. í Kaupmannahöfn 1976. Hafnað er kröfu um útgjöld vegna legsteins með vísan til Hrd. 1955, bls. 437.

Af hálfu stefnda eru enn fremur gerðar kröfur um, að dánarslysabætur skv. dskj. nr. 39–40 komi að fullu til frádráttar dæmdum bótum.

V.

Forsendur og niðurstaða.

Ekki þykja efni til að rekja sérstaklega í dómi þessum atvik þau, er urðu til þess, að stefndi svipti móður stefnanda lífi, enda eru þau óumdeild sem og bótaskylda stefnda.

Krafa stefnanda er þrífætt. Gerð er krafa vegna missis framfæranda, vegna röskunar á stöðu og högum og loks vegna útfararkostnaðar.

Endanleg krafa stefnanda um bætur fyrir missi framfæranda er reist á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 25. 11. 1993. Í útreikningi sínum segir tryggingastærðfræðingurinn svo m. a.:

„Venja er að reikna bætur til barna vegna missis foreldris sem lífeyri jafnháan barnalífeyri almannatrygginga til 18 ára aldurs barnsins.

Barnalífeyrir almannatrygginga er nú 10.300 kr. á mánuði.

Höfuðstólsverðmæti barnalífeyris til handa Vilberg frá september 1988 til 18 ára aldurs hans reiknast mér á dánardægri móðurinnar 905.800 kr.“

Við útreikninginn notar stærðfræðingurinn einfalda vexti af almennum sparisjóðsbókum til útreikningsdags, en 6% vexti og vaxtavexti eftir útreikningsdag.

Útreikningnum hefur ekki verið mótmælt sem slíkum.

Það liggur fyrir, að stefnandi, Vilberg Rafn, var í forsjá móður sinnar og á hennar framfæri. Móðurforeldrar hans, Rafn Vigfússon og Karen Gestsdóttir, skýrðu bæði svo frá fyrir dómi, að móðir hans hefði búið í íbúð, sem

innréttuð hafði verið í bílskúr við hús þeirra. Hefði hún haldið þar heimili fyrir drenginn og algerlega séð um framfærslu hans án þeirra aðstoðar. Hefur þessum framburði ekki verið hnekkst og stefndi engum stöðum rennt undir þá staðhæfingu sína, að stefnandi hafi verið á framfæri móðurforeldra sinna fyrir andlát móður sinnar.

Gögn málsins bera með sér, að stefnandi hefur fengið greitt einfalt meðlag um Tryggingastofnun ríkisins frá föður sínum, en ekki liggur fyrir, að hann sé að öðru leyti á framfæri hans. Þá hefur hann fengið greiddan barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins eftir andlát móður sinnar, sem nemur sömu fjárhæð mánaðarlega og einfalt meðlag.

Telja verður, þar sem ekki hefur verið sýnt fram á annað, að verðmæti framfærslu stefnanda, sem hann hefði notið frá móður sinni, hefði numið hærri fjárhæð en nemur barnalífeyri þeim, sem hann fær greiddan úr Tryggingastofnun ríkisins. Samkvæmt könnun Félags einstæðra foreldra á kostnaði við framfærslu barna 0-18 ára kemur í ljós, að verulega vantar á, að tvöfalt meðlag, eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins, nægi til framfærslu barns, og er þó hvorki tekinn með kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis, rafmagns, hita né þvotta. Af hálfu stefnda hefur þessum útreikningum ekki verið mótmælt sérstaklega eða þeim verið hnekkst. Fjárhæðir þær, sem þar koma fram, eru að vísu byggðar á áætlaðri þörf, en með því að ekki hefur verið sýnt fram á annað, þykir mega hafa hliðsjón af þeim útreikningum, þegar metin er lágmarksframfærsluþörf stefnanda. Fjárhæð sú, sem lögð er til grundvallar í útreikningi tryggingastærðfræðingsins, þykir því ekki ofmetin og verður lögð til grundvallar bótakröfu stefnanda.

Stefndi hefur mótmælt fjárhæð bótakröfu vegna röskunar á stöðu og högum stefnanda.

Krafa þessi á stöð í 2. mgr. 264. gr. l. nr. 19/1940. Eins og að framan greinir, liggur ekki fyrir annað en stefnandi hafi notið umönnunar móður sinnar fyrir andlát hennar og hún hafi haldið honum heimili. Þá liggur fyrir, að samband stefnanda við föður sinn er ekki mikið, en upplýst var í málinu, að hann sé búsettur úti á landi. Má því fallast á, að veruleg röskun hefur orðið á högum stefnanda við það að missa eina forsjármann sinn og flytjast til móðurforeldra sinna. Af hálfu stefnanda hefur verið lögð á það áhersla, að stefnandi hafi átt við veruleg félagsleg vandamál og hegðunarvandamál að stríða eftir áfallið, sem hann varð fyrir, er móðir hans lést. Með hliðsjón af gögnum málsins telst ósannað, að þeir örðugleikar stafi einvörðungu af því áfalli, en af málsgögnum má ráða, að stefnandi hafi þegar fyrir atburðinn þurft á aðstoð sálfræðings að halda, sbr. dskj. nr. 33. Hins vegar hefur sá framburður móðurforeldra hans fyrir dómi sem og framburður Ómars

Friðbergssonar og Ingveldar Gísladóttur ekki verið hrakinn, að ýmislegt í fari drengsins bendi til þess, að hann hafi a. m. k. að einhverju leyti orðið vitni að atburðinum eða afleiðingum hans og það hafi veruleg áhrif á hagi hans og hegðun. Framburður þessi er enn fremur studdur yfirlýsingu á dskj. nr. 21.

Með hliðsjón af framansögðu þykja bætur til handa stefnanda vegna röskunar á stöðu og högum hæfilega ákveðnar 800.000 kr.

Við munnlegan málflutning mótmælti stefndi kröfum um greiðslu útfararkostnaðar skv. lögjöfnun frá 4. mgr. 133. gr. loftferðalaga nr. 34/1964 vegna aðildarskorts, þar sem fyrir liggi, að stefnandi, Vilberg Rafn, greiddi ekki þann kostnað. Af hálfu stefnanda komu ekki fram andmæli við því, að málsástæða þessi væri höfð uppi á þessu stigi.

Samkvæmt tilvitnuðu lagaákvæði getur sá, sem kostað hefur útför, kafið um bætur fyrir þann kostnað. Ekkert liggur fyrir í málinu um það, að stefnandi hafi sjálfur borið þann kostnað eða honum hafi verið ætlað að endurgreiða greiðanda kostnaðinn, og eru andmæli stefnda því tekin til greina.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að taka beri tillit til bágs fjárhags stefnda til lækkunar bótakröfum.

Stefndi var látinn laus úr fangelsi í júlí 1995, eftir að hafa afplánað tæpan helming 14 ára fangelsisdóms. Stefndi er fæddur árið 1967 og hefur því verið 28 ára, þegar refsivist lauk. Hann telst því enn vera á góðum aldri og ætti að eiga möguleika á að afla sér góðra tekna. Samkvæmt dskj. nr. 30, sem hefur ekki verið andmælt, kemur fram, að stefnandi lauk stúdentsprófi, meðan hann var í refsivist. Verður ekki fallist á það, að bágur fjárhagur hans nú eigi að koma til lækkunar bótagreiðslum til handa stefnanda.

Með hliðsjón af dómafordæmum, sbr. t. d. Hrd. 1972, 417, og Hrd. 1978, 387, ber að draga frá bótum vegna missis framfæranda dánarslysabætur, sem stefnandi hefur fengið greiddar samkvæmt kjarasamningum BSRB og fjármálaráðherra. Þessi niðurstaða á jafnframt stoð í Hrd. 1992, 2302, þar sem atvinnuslysabætur koma, að því er virðist, að fullu til frádráttar skaðabótum vegna örorkutjóns, en telja verður, að þar sé um sambærilegar greiðslur að ræða og hér er deilt um, og hljóta því sömu sjónarmið að gilda um frádrátt. Með vísan til þess þykir ekki verða hjá því komist að beita fullum frádrætti, hvað greiðslur þessar varðar. Frádráttur verður þó aldrei hærri en nemur hinu ætlaða fjárhagslega tjóni stefnanda. Samtals er fjárhæð greiddra dánarslysabóta 966.400 kr., þ. e. nokkru hærri en hinar dæmdu bætur. Frádráttur nemur því 905.800 kr.

Vextir dæmast eins og greinir í dómsorði.

Báðir málsaðilar höfðu gjafsókn í málinu. Ber því að dæma ríkissjóð til

að greiða allan kostnað málsins, þar með talin málsóknar- og málsvarnarlaun talsmanna beggja aðila. Kostnaður stefnanda ákveðst 193.720 kr. Þar af renna 180.000 kr. til skipaðs talsmanns hans, Svölu Thorlacius hrl. Kostnaður stefnda ákveðst 180.000 kr. og rennur til lögmanns hans, Þórunnar Guðmundsdóttur hrl.

Eftir atvikum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 193.720 kr., og rennur hann í ríkissjóð.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Sveinbjörnsson, með lögheimili að Rauðalæk 47, Reykjavík, greiði stefnanda, Rafni Vigfússyni, Dverghömrum 36 A, Reykjavík, f. h. ófjárráða dóttursonar hans, Vilbergs Rafns Vilbergssonar, s. st., 800.000 kr. ásamt vöxtum skv. 7. gr. l. nr. 25/1987 frá 3. september 1988 til 25. júní 1992, en með vöxtum skv. 10. gr., sbr. 15. gr. s. l., frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur greiði stefndi 183.720 kr. í málskostnað, sem renna í ríkissjóð.

Kostnaður stefnanda af málinu, 183.720 kr., greiðist úr ríkissjóði. Þar af renna 170.000 kr. til skipaðs talsmanns stefnanda, Svölu Thorlacius hrl.

Málsvarnarkostnaður stefnda, 170.000 kr., greiðist úr ríkissjóði og rennur til lögmanns hans, Þórunnar Guðmundsdóttur hrl.
